

Alþingi
Erindi nr. P 132/1742
komudagur 24.4.2006

Allsherjarnefnd Alþingis.

Umsögn frá Hapdrætti D.A.S.

Varðar frumvarp til laga um Hapdrætti Háskóla Íslands nr. 748 um einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum.

Stjórn Hapdrættis dvalarheimilis aldraða sjómanna (D.A.S.) telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp enda gengið út frá því að verið sé að koma á mótis við eindregnar óskir stjórnar Hapdrættis D.A.S. um að fá að greiða vinninga út í peningum s.b.r. athugasemdir um 2 gr. frumvarpsins.

Jafnframt lítur stjórn Hapdrættis D.A.S. svo á að verið sé að koma á mótis við tilmæli Samkeppnisstofnunar dags. 9. maí 2000 (álit nr. 4/2000) sem beindi þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að beita sér fyrir því að samkeppnisstaða hapdrættanna D.A.S. og S.Í.B.S. yrði gerð sem jöfnust að því er varðar skilmála fyrir rekstrinum.

Að lokum leggur stjórn Hapdrættis D.A.S. áherslu á nauðsyn þess að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi því framundan er nýtt hapdrættisár sem byrjar í maí n.k.

f.h. stjórnar Hapdrættis D.A.S.
Sigurður Ágúst Sigurðsson forstj.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1808
komudagur 25.4.2006



HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tjarnargata 4, 101 Reykjavík
Sími 563 8300 • Fax 563 8350

Reykjavík 24. apríl 2006.

Allsherjarnefnd Alþingis,
b. t. Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

**Umsögn um frumvarp til laga um Happprætti Háskóla
Íslands, 748. mál.**

Happprætti Háskóla Íslands fékk einkaleyfi til að reka peningahappprætti með lögum frá árinu 1933. Með lögum nr. 127 frá 16. desember 2003 var einkaleyfið endurnýjað til ársins 2019. Happprætti H. Í. hefur frá upphafi greitt 20% af hagnaði i ríkissjóð fyrir einkaleyfið.


Stjórnendum Happprættis Háskóla Íslands hefur á stundum þótt allmjög að einkaleyfisréttinum vegið. Önnur happprætti hafa komið fram á sjónarsviðið þar sem vinningar eru geiddir með peningum. Löggjafinn hefur heimilað þá starfsemi og er hún því í samræmi við gildandi lög. Hins vegar finnst stjórnendum HHÍ mjög miður ef farið er á svig við lög. Það á sér stað þegar vöruhappprætti greiða út vinninga i peningum. Það gerist með þeim hætti, að vinningshafi er beðinn að framvísa reikningi fyrir vöru eða þjónustu, þegar hann vitjar vinnings. Upphæð reikningsins þarf að vera jafn há eða hærri en vinningurinn. Engu máli skiptir hvaða vara eða þjónusta var keypt. Síðan er vinningurinn greiddur út með peningum. Slíkir viðskiptahættir hafa staðið yfir í mörg ár, svo mörg að stjórnendur fyrirtækjanna trúu því eflaust að þeir fari fullkomlega að lögum i rekstri vöruhappprætta sinna.

Fátt er mikilvægara i hverju landi en að lög séu haldin og enginn vafi leiki á því hvað þau þýði. Stjórnendur Happprættis Háskóla Íslands vilja leggja sitt af mörkum til þess að enginn vafi leiki á að SÍBS og DAS

fari að lögum og fái því heimild til að greiða vinninga í peningum í flokkahappdrættum sínum eins og þau eru í núverandi mynd. Með því móti nær happdrættislöggjöfin yfir happdrættisstarfsemina eins og hún er í raun og veru. Á móti kemur að sett er hámark á leyfisgjald HHÍ og að Happdrætti Háskóla Íslands heldur þeim réttindum sem eftir lifa af einkaleyfinu til að reka peningahappdrætti.

Virðingarfyllst,

f. h. Happdrættis Háskóla Íslands,


Brynjólfur Sigurðsson, forstóri.

Alþingi
Erindi nr. P/32/1741
komudagur 24. 4. 2006

HAPPDRAETTI



Síðumúli 6 • 108 REYKJAVÍK • sibs@sibs.is
Sími: 552 2150 • Fax: 562 9150

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis

Elín Valdís Þorvaldsdóttir, nefndarritari

Umsögn um 748. mál

Stjórn Happraættis SÍBS hefur haft undir höndum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Happraætti Háskóla Íslands nr. 13, 13. apríl 1973 með síðari breytingum, 748. mál, einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum.

Stjórnin mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins án breytinga.

Með samþykkt þessa frumvarps lýkur margra ára baráttu þessara tveggja happraætta, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu fyrir því að geta afgreitt greiðslu vinninga á sama hátt og andvirði þeirra með greiðslu beint inn á reikninga eða greiðslukort eigendanna ef þeir svo óska.

Fyrir hönd stjórnar Happraættis SÍBS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Pétur Bjarnason', is written over a horizontal line.

Pétur Bjarnason

framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 132/1902
komudagur 27.4.2006

Allsherjarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2006
Tilvísun: HI06040067/004

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl s.l., þar sem óskað er eftir umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Happraðtti Háskóla Íslands, 748. mál 132. löggjafarþings.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið hefur nýverið farið fram endurskoðun á lögum um almenn happraðtti. Þar var sú löggjafarstefna mótuð að sérlög skuli áfram gilda um peningahappraðtti, þ.e. Happraðtti Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 13 13. apríl 1973.

Meginatriði fyrirleggjandi frumvarps eru í samræmi við þessa löggjafarstefnu, þó þannig að gert er ráð fyrir að happraðtti sem starfa á grundvelli sérlaga um vöruhapppraðtti fái lagaheimild til þess að greiða vinninga úr flokkahapppraðttum út í peningum. Er hér um að ræða ákveðna málamiðlun sem Happraðtti Háskólans átti aðild að á undirbúningsstigi frumvarpsins.

Háskóli Íslands styður því þingmálið á grundvelli þess samráðs sem fram hefur farið, enda verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst

Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor

Alþingi
Erindi nr. P 122/17.15
komudagur 24. 7. 2006



Í þágu íþróttá,
ungmenna og öryrkja

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Hapdrætti Háskóla Íslands, 748. mál,
Einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum**

Stjórn Íslenskrar getspár fjallaði um ofangreint mál á fundi sínum þann 19. apríl. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu stjórnarinnar.

Virðingarfyllt,

Bergsveinn Sampsted
Bergsveinn Sampsted
frankvæmdastjóri

ÍSLENSK GETSPÁ

Engjavegi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 580 2500 • Fax: 580 2501

Alþingi
Erindi nr. P 132/1807
komudagur 25.4.2005

Rannsóknamiðstöð Íslands, RANNÍS

Einkaleyfisgjald Happraættis Háskóla Íslands er undirstaða Tækjasjóðs sem árlega úthlutar rannsóknastofnunum styrkjum til kaupa á dýrum tækjum og búnaði. Þessi ráðstöfun hefur tryggt íslensku vísinda- og tæknisamfélagi mikilvæga uppbyggingu rannsóknabúnaðar og innviða í samkeppni á gæðagrundvelli verkefna. Rannsóknamiðstöð Íslands telur mikilvægt að innviðir rannsókna og tækniþróunar verði áfram styrktir á þennan hátt þar sem hlutlægt gæðamat ræður fjárfestingum.

Í frumvarpinu er lagt til að Happraætti Háskóla Íslands muni eftir sem áður greiða 20% af nettóársarði sem einkaleyfisgjald til Tækjasjóðs en að gjaldið verði aldrei hærra en sem nemur 150 milljónum króna.

Rannsóknamiðstöð Íslands fagnar því að slíku gjaldi sé áfram ætlað að renna til Tækjasjóðs. Hins vegar er eindregið ráðið frá því að lögfesta krónutöluhámark á gjaldið. Hætta er á að föst lögboðin upphæð verði fljótt marklítill með tilliti til kostnaðar- og gengisþróunar, ekki síst þar sem nær öll tæki og innviðir til rannsókna eru verðlögð í erlendum gjaldeyri.. Ekki er að sjá í greinargerð haldbæran rökstuðning fyrir slíku hámarki.

Rannsóknamiðstöð Íslands leggur því til að orðin “þó ekki hærra fjárhæð en 150.000.000 kr” verði felld niður í grein 1.

fh Hans Kristjáns Guðmundssonar forstöðumanns Rannís
Páll Vilhjálmsson